



Starfsleyfisskilyrði fyrir alifuglabú Matfugls ehf., kt. 471103-2330, að Melavöllum, Kjalarnesi

Gefið út af heilbrigðisnefnd Reykjavíkur í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

1. Gildissvið

- 1.1 Starfsleyfið gildir fyrir alifuglabú Matfugls ehf., kt. 471103-2330, að Melavöllum á Kjalarnesi. Leyfilegur fjöldi eldisstæða er 132.000 stæði.
- 1.2 Starfsleyfið gildir frá 3. apríl 2017 til 3. apríl 2029.
- 1.3 Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur ber að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.4 Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða skaðleg áhrif á umhverfi sem ekki voru séð fyrir. Sama gildir ef fram koma almennar kröfur eða ný tækni er leiða til bættra mengunarvarna.
- 1.5 Til viðbótar við starfsleyfisskilyrði þessi ber að fylgja, ef við á, ákvæðum almennra starfsleyfisskilyrða fyrir mengandi starfsemi, sbr. fylgiskjal 1.
- 1.6 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum VI kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.
- 1.7 Starfsleyfi þetta er veitt til tólf ára í samræmi við 6. grein laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og ákvæði reglugerðar nr. 785/1999 og öðlast gildi við birtingu.
- 1.8 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

2. Söfnun, geymsla og dreifing fuglaskíts

- 2.1 Við búið skulu vera vandaðar og þéttar hauggeymslur eða sambærileg lausn með þéttum og yfirbyggðum gámum á steypu plani. Stærð hauggeymslu skal miða við að hægt sé að nýta hauginn sem áburð á skynsamlegan hátt þegar jörð getur tekið við



honum eða taka a. m. k. 6 mánaða haug. Hauggeymsla skal vera þétt og skal ekkert frárennsli vera frá henni og skal vera yfirbyggð til að hindra aðgang meindyra.

- 2.2 Aðstæður skulu athugaðar áður en ákvarðað er magn þess fuglaskíts sem dreifa má á hvert svæði sem áburð. Taka skal tillit til ætlaðar köfnunarefnisþarfar gróðursins, jarðvegsgerðar, halla lands og veðurskilyrða. Tiltekið magn af búfjáráburði, þ.m.t. fuglaskítur skal ekki innihalda meira en 170 kg af köfnunarefni á hektara. Skv. starfsreglum um góða búskaparhætti (Umhverfisstofnun, ágúst 2002) á ekki að bera meira en 10 tonn af fuglaskít á hvern hektara, sem er í samræmi við reglugerð nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri. Þyki ástæða til getur eftirlitsaðili krafist mælinga á magni köfnunarefnis í skítinum til að tryggja að einungis hæfilegu magni verði dreift pr. hektara.
- 2.3 Skít frá alifuglum skal einungis dreifa á ófrosna jörð og aðeins á tímabilinu frá 15. mars til 1. nóvember ár hvert, mest á vorin og snemma sumars þegar jarðvegur og gróður þarf helst á áburði að halda. Við dreifingu skal taka tillit til nálægrar starfsemi og íbúðarhúsa með því að virða hæfileg fjarlægðarmörk og miða við hagstæðar vindáttir. Ekki er heimilt að dreifa skít á stöðum þar sem hann getur mengað læki, ár eða vatnsból. Vegna hættu á lyktarmengun skal ekki blanda vatni í fuglaskít.
- 2.4 Dreift skal á sem stystum tíma. Dreifing á land við Melavelli skal ekki fara fram lengur en í 4 vikur á tímabilinu og reynt skal að hafa dreifingu í tvær vikur í senn samfellt, tvisvar sinnum á tímabilinu. Sækja skal sérstaklega um leyfi til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur ef nauðsyn krefur að dreifa oftar. Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur skal tilkynnt þegar dreifing hefst á landi við Melavelli.
- 2.5 Ef ekki er hægt að afsetja skítinn samkvæmt grein 2.3, þá er fyrirtækinu skylt að safna honum í hauggeymslu. Ef slíkt er ekki mögulegt skal flytja skítinn til förgunarstöðvar. Ef fyrirhugað er að nýta skít í jarðgerð á athafnasvæði rekstraraðila, eða á vegum hans utan athafnasvæði búans þarf að sækja um leyfi til heilbrigðisnefndar.

3. Meðhöndlun úrgangs

- 3.1 Úrgangur, svo sem dýrahæ, skulu flutt til förgunarstöðvar sem hefur starfsleyfi. Urðun og brennsla á úrgangi er óheimil á athafnasvæði fyrirtækisins.
- 3.2 Ganga skal frá hræjum til förgunar í þetta, lokaða gáma, til að koma í veg fyrir lykt og til þess að hefta aðgang skordýra. Losa skal gámana reglulega eða eftir þörfum, oftar á sumrum en á veturnum. Gámana skal sótthreinsa og þrifa eftir notkun. Æskileg er notkun sérstakra kæli/frystigáma sem eru sérhannaðir til þessara nota. Rekstraraðila er skylt að sjá til þess að meindýr komist ekki í gáma, haugþrær og úrgang frá búinu.



4. Mengunarvarnir

- 4.1 Rekstraraðili skal nota bestu fáanlegu tækni (BAT) við mengunarvarnir og nýta vel orku og vatn. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið (samþættar mengunarvarnir). Besta fáanlega tækni hefur verið skilgreind í „Reference Document on Best Available Techniques for Intensive Rearing of Poultry and Pigs, July 2003 (IPPC)“. Verði breytingar á bestu fáanlegu tækni skulu þær taka gildi og innleiddar samkvæmt ákvæðum í grein 1.4.
- 4.2 Aðlaga á fóðurgjöf fugla að því að lágmarka losun næringarefna í úrgangi, í samræmi við BAT kröfur.
- 4.3 Úrgang fugla ber að fjarlægja ört og þurrka hratt til að minnka losun á ammóníaki á eldisstað, í samræmi við BAT kröfur.
- 4.4 Við aðkeyrslur að húsum skal vera bundið, steinsteypt eða malbikað, yfirborðslag með niðurföllum og lekt malar-og steinefnalag sem auðvelt er að halda hreinu af illgresi, rusli og aðskotahlutum milli og við ræktunarahús. Grasfletir í næsta nágrenni alifuglahúsa skulu vera snöggslegnir.
- 4.5 Takmarka skal lyktarmengun frá starfseminni eins og kostur er. Tryggja skal að rakastig í búunum sé hæfilegt þannig að komið sé í veg fyrir óþarfa ryk í útblæstri.
- 4.6 Skólp frá salernum og hreinlætisaðstöðu skal leitt í veitukerfi borgarinnar eða í rotþró og síubeð þar sem því verður ekki komið við. Um uppsetningu, frágang og rekstur rotþróa og siturlagna skal fara eftir samþykkt Reykjavíkurborgar um rotþrær.
- 4.7 Fóður og hráefnisgeymslur skulu vera lokaðar og varðar ágangi meindýra og fugla.
- 4.8 Við losun fráveituvatns gilda ákvæði fylgiskjals 1 með reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp:

Þar sem fráveituvatn er leitt í á eða vatn skal ekki vera að finna utan eða innan þynningarsvæðis:

- Set eða útfellingar
- Þekjur af rotverum (bakteríur og sveppir).
- Olía eða froða.
- Sorp eða aðrir aðskotahlutir
- Efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi.



Þar sem fráveituvatn er leitt í á eða vatn, skal eftirfarandi gilda utan þynningarsvæðis:

- Hámarkshitabreyting af völdum frárennslis: 2 °C
- Súrefni:
 - Lágmarksmettun: 70%.
 - Lágmarksstyrkur: 6mg/l
 - Styrkur skal vera yfir 9 mg/l a.m.k. 50% tímans.
- Sýrustig:
 - pH: 6 - 9
 - Hámarksbreyting á sýrustigi vegna frárennslis: 0,5
- Hámarkssúrefnisnotkun:
 - BOD₅: 4 mg O₂ /l (eða COD: 20 mg O₂ /l)
 - HOCl: Hæst 0,004 mg /l
- Olíur og fitur: Olíubræk má ekki sjást.
- Hámarksaukning á svifögnum vegna frárennslis: 2 mg /l.

5. Eftirlit, innra eftirlit, umhverfisstjórnun og starfsleyfi

5.1 Fyrirtækið skal halda skýrslur og dagbók þar sem jafnóðum er skráð:

- a. Framleiðslumagn, fjöldi og samtals þyngd fugla í hverjum framleiðsluhóp og breytingar á þessum tölum vegna flutninga, slátrunar eða dauða.
- b. Fóðurnotkun og gerð fódurs.
- c. Vatnsnotkun.
- d. Atriði sem varða rekstur hreinsibúnaðar, hreinsun og viðgerðir búnaðarins, dagsetningu á tæmingu rotþrór og losun á seyru og húsdýraáburði, magn og förgun seyrunnar.
- e. Innkaup efna og lyfja sem geta orðið að spilliefnum. Tiltaka skal magn (kg, L) og þann flokk hættulegs úrgangs sem efnið tilheyrir.

Einnig skal skrá magn (kg, L) og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar eða flutningsaðila.
- f. Atvik er varða mengun og mengunarvarnir fyrirtækisins s.s. bilanir á búnaði eða slys.
- g. Fyrirtækið skal að öðru leyti koma á innra eftirliti í samræmi við reglugerð nr. 522/1994 og reglugerð nr. 251/1995 um aðbúnað og sjúkdómavarnir á alifuglabúum og útungunarstöðvum.
- h. Eftirlitsaðili skal hafa aðgang að framangreindum upplýsingum. Upplýsingarnar skulu liggja frammi og vera geymdar í a.m.k. 4 ár.



- 5.2 Fyrirtækið skal skila grænu bókhaldi skv. reglugerð nr. 851/2002 og ústreymisbókhaldi skv. reglugerð nr. 990/2008. Grænu bókhaldi skal skila til starfsleyfisútgefenda eigi síðar en 1. maí ár hvert og ústreymisbókhaldi til Umhverfisstofnunar fyrir sama tíma.
- 5.3 Fyrirtækið er háð reglubundnu eftirliti skv. tölulið 6.2 í fylgiskjali 2 og 1. mgr. I. viðauka með reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur sér um eftirlit með þeim þáttum sem um getur í starfsleyfi.
- 5.4 Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001:2004 eða þátttöku í umhverfismálakerfi ESB sbr. reglugerð nr. 334/2013, um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins (EMAS), eða starfað samkvæmt eigin kerfi. Velji rekstraraðili að reka innra eftirlit sem uppfyllir staðlaðar kröfur er eftirlitsaðila heimilt skv. grein 12.6 í reglugerð nr. 786/1999, að draga úr eftirliti og lækkar þá eftirlitsgjald sem því nemur. Þá er heimilt að draga úr reglubundnu mengunarvarnaeftirliti hjá atvinnurekstri sem er með innra eftirlit með ákveðnum eftirlitsþáttum sem eftirlitsaðili hefur samþykkt.
- 5.5 Eintak af starfsleyfi skal ávallt tiltækt á vinnustað. Forráðamaður fyrirtækisins ber ábyrgð á að það starfi í samræmi við skilyrði í starfsleyfi þessu og skal kynna sér þau lög og reglur sem viðkoma starfseminni.

6. Starfsemi hætt

- 6.1 Tilkynna skal til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur ef starfsemi rekstraraðila er lögð niður. Leggist hún niður skal fjarlægja alla fugla úr húsunum, fjarlægja allan rekstrarúrgang ásamt spilliefnum og skal úrganginum skilað til viðeigandi móttökustöðva sem hafa til þess starfsleyfi. Einnig skal ganga frá mannvirkjum þannig að hætta stafi ekki af þeim.

Samþykkt á 115 fundi heilbrigðisnefndar Reykjavíkur þann 3. apríl 2017



Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi

1. Lóð, athafnasvæði og húsnæði

- 1.1 Rekstraraðila er skylt að halda athafnasvæði, lóð og húsnæði hreinu og snyrtilegu og gæta þess að athafnasvæðið mengist ekki eða þar safnist fyrir úrgangur, svo og hlutir og búnaður sem ekki eru í notkun eða eru starfseminni óviðkomandi. Sorpgeymslur og ílát undir úrgang skulu standast kröfur Heilbrigðiseftirlitsins. Girðingum skal haldið við.
- 1.2 Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur fengið til afnota. Notkun lóðar og húsnæðis skal samrýmast því skipulagi og notkunargildi sem skipulags- og byggingaryfirvöld hafa samþykkt. Heilbrigðiseftirlitið getur krafist þess að lóð eða svæði innan hennar sé afgirt.
- 1.3 Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnunum og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt til að fyrirbyggja mengun og til hreinsunar lóðar. Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með a.m.k. mánaðarfyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.
- 1.4 Ef líkur eru taldar á því að athafnasvæði fyrirtækis hafi mengast, skal rekstraraðili ganga úr skugga um hvort svo sé þegar starfsemi er lögð niður eða flutt. Komi í ljós mengun skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarþörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið.
- 1.5 Að öðru leyti skal hlýta ákvæðum gr. 16 og 18 í reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

2. Meðferð hættulegra efna

- 2.1 Geyma skal öll hættuleg efni á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið, ónæði, heilsutjóni eða umhverfisskaða.
- 2.2 Hættuleg efni skulu ekki geymd utandyra nema tryggt sé að mönnum og umhverfi stafi ekki hættu af þeim.
- 2.3 Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndu sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.
- 2.4 Heilbrigðiseftirlitið getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á varasömum efnunum. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað, yfirfara þarf hana reglubundið með starfsmönnum og halda æfingar til að æfa viðbrögðin a.m.k. einu sinni á ári.

3. Meðferð úrgangs og spilliefna

- 3.1 Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er.
- 3.2 Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er nokkur kostur. Meðal annars skulu einstakar gerðir úrgangs flokkaðar



- sérstaklega sé það nauðsynlegt til að endurnotkun eða endurnýting geti farið fram. Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.
- 3.3 Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfisvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.
 - 3.4 Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð traust ílát sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hnjaski.
 - 3.5 Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.
 - 3.6 Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings viðkomandi úrgangs.
 - 3.7 Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Sams konar upplýsingar skulu fylgja spilliefnunum. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu liggja frammi við eftirlit í fyrirtækinu.
 - 3.8 Leggist starfsemin niður skal öllum spilliefnum og ónothæfum efnum skilað til móttökustöðvar fyrir spilliefni.
 - 3.9 Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

4. Mengunarvarnir

- 4.1 Öll losun mengandi efna er óheimil án tilskilinna leyfa.
- 4.2 Rekstraraðila ber að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir að vatn, loft eða jarðvegur mengist. Halda skal í lágmarki mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa. Rekstraraðila er skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur í mengunarvörnum þ.á.m. uppsetningu mengunarvarnabúnaðar, s.s. hreinsunarbúnaðar, loftútrása og hávaðavarna.
- 4.3 Ástand véla og tækja skal vera með þeim hætti að ekki valdi meiri mengun en ella. Ástand og eftirlit með mengunarvarnabúnaði skal vera þannig að búnaðurinn virki eins vel og kostur er.
- 4.4 Mengunarvarnir skulu vera samþættar, sbr. gr. 14 í reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Rekstraraðila ber að tryggja að atvinnureksturinn sé með þeim hætti að allar viðeigandi mengunarvarnir séu viðhafðar, og til þess sé beitt bestu fánlegu tækni (BAT), hafi hún verið skilgreind. Orku skal nýta vel.
- 4.5 Heilbrigðiseftirlitið getur farið fram á að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlanir vegna mögulegra mengunaróhappa. Viðbragðsáætlanir skulu hanga uppi á áberandi stað í fyrirtækinu og ber að fara yfir þær með starfsmönnum reglubundið. Æfa skal viðbrögð við mengunaróhöppum a.m.k. einu sinni á ári.
- 4.6 Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að draga úr hávaða og koma í veg fyrir ónæði af völdum hávaða frá starfseminni. Um hávaða fer að öðru leyti skv. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.



- 4.7 Starfseminni skal þannig háttað að hún valdi ekki fólki í nágrenninu ónæði, óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna mengunar eða hávaða. Komi upp vandamál vegna lyktar eða mengandi efna frá útblæstri, er rekstraraðila skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur, s.s. uppsetningu hreinsibúnaðar eða hærri útrásar.sbr. gr. 4.2.
- 4.8 Þar sem fljótandi mengandi efni eru til staðar s.s. hættuleg efni, olúefni og spilliefni skal undirlag vera vökvahelt og viðbragðsbúnaður hafður til taks, s.s. ílát og efni eða búnaður sem sýgur í sig vökva. Uppsogsgeta búnaðar skal taka mið af magni efna sem geymd eru á staðnum og eðli. Þar sem mikið magn framangreindra efna er til staðar skal auk þess hafa tiltækan búnað til að loka niðurföllum eða hindra á annan hátt að efnin geti borist í niðurföll. Heilbrigðiseftirlitið getur í sérstökum tilvikum gert kröfu um búnað, s.s. safntank eða lokubúnað á olúskilju til að koma í veg fyrir að mengandi efni berist í fráveitu ef óhapp verður. Ef óhapp á sér stað skal leggja áherslu á að hefta útbreiðslu efnanna við uppsprettu og ná þeim upp áður en þau komast í frárennsli.
- 4.9 Þar sem olúefni af jarðefnaolíuuppruna eru notuð skal koma í veg fyrir að þau berist út í umhverfið. Ef gera má ráð fyrir að olúefni berist í frárennsli skal frárennslið leitt um olúskilju. Olúskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Á olúskiljunni skal vera búnaður til að loka fyrir frárennsli frá henni, þannig að hægt sé að safna þar olú og dæla beint úr skiljunni verði stórfellt óhapp.
- 4.10 Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, ásamt síðari breytingum.
- 4.11 Að öðru leyti skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, reglugerðar nr. 860/2000 um amalgammengað vatn og amalgammengaðan úrgang frá tannlæknastofum, reglugerð nr. 251/2002 um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmslofti og upplýsingar til almennings, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) ásamt síðari breytingum, reglugerðar nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, reglugerðar nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns, reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerðar nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru, reglugerðar nr. 800/1999 um losunarmörk, umhverfismörk og gæðamarkmið fyrir losun á kvikasilfri í yfirborðsvatn, reglugerðar nr. 802/1999 um losunarmörk, umhverfismörk og gæðamarkmið fyrir losun á kadmíum í yfirborðsvatn, reglugerðar nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri og reglugerðar nr. 809/1999 um olúúrgang.

5. Eigið eftirlit og skráning

- 5.1 Rekstraraðili skal hafa eftirlit með öllum rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun. Jafnóðum skal skrá og geyma upplýsingar um:
- Úttektir, prófanir, bilanir og viðhald á mengunarvarnabúnaði, þ.m.t. hreinsun á síum, olúskiljum, skorsteinum og loftrásum.
 - Öll mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
 - Magn (kg,l) og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar eða flutningsaðila. Enn fremur nafn flutningsaðila og móttökustöðvar.
 - Annað sem ber að skrá skv. ákvæðum reglugerða eða sértækra starfsleyfisskilyrða.



6. Ýmiss ákvæði

- 6.1 Starfsleyfisskilyrði þessi eru gefin út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerð 785/1999 um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, með síðari breytingum
- 6.2 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum VI kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur
- 6.3 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 6.4 Eintak af skilyrðunum skal ávallt tiltækt á vinnustað og skal rekstraraðili bera ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.
- 6.5 Um opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfseminni fer skv. 12.gr. reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit.
- 6.6 Tilkynna skal Heilbrigðiseftirlitinu með a.m.k. 4 vikna fyrirvara ef fyrirhugaðar eru breytingar á atvinnurekstrinum.
- 6.7 Tilkynna skal Heilbrigðiseftirlitinu strax um meiri háttar mengunarslys sem kunna að verða.
- 6.8 Um endurskoðun starfsleyfis skal fara skv. ákvæðum í kafla IX í reglugerð nr. 785/1999.
- 6.9 Almennigur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði í kafla XI í reglugerð nr. 785/1999 og upplýsingum um mengunarvarnaeftirlit í samræmi við kafla VI í reglugerð nr. 786/1999.

Samþykkt á 103. fundi heilbrigðisnefndar Reykjavíkur 14. júní, 2016.